

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Livostin 50 míkrogrömm/úðaskammt nefúði, dreifa

levokabastin

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Þetta lyf er fáanlegt án lyfseðils. Engu að síður er nauðsynlegt að nota Livostin nefúða á réttan hátt til að ná sem bestum árangri.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Livostin nefúða og við hverju hann er notaður
2. Áður en byrjað er að nota Livostin nefúða
3. Hvernig nota á Livostin nefúða
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Livostin nefúða
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Livostin nefúða og við hverju hann er notaður

Livostin nefúði er andhistamín sem notað er við ofnæmisnefbólgu, sem einnig kallast nefslímubólga, en hún getur valdið nefstíflu, kláða og/eða nefrennsli. Livostin nefúði er notaður við ofnæmi af völdum frjókorna eða annarra loftborinna ofnæmisvalda frá t.d. gæludýrum, ryki eða myglu/sveppagróum.

Livostin nefúði hindrar áhrif histamíns í nefi. Histamín er efni sem losnar í vefjum líkamans í tengslum við ofnæmisviðbrögð og það getur t.d. valdið nefrennsli, nefstíflu og kláða í nefi. Verkun Livostin hefst innan 15 mínútna.

Verið getur að lækinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

2. Áður en byrjað er að nota Livostin nefúða

Ekki má nota Livostin nefúða:

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir levokabastini eða einhverju öðru innihaldsefni Livostin nefúða.

Varnaðarorð og varúðarreglur

- Ráðfærðu þig við lækinn áður en þú notar Livostin nefúða ef þú ert með skerta nýrnastarfsemi.

Notkun annarra lyfja samhliða Livostin nefúða

Bólguþandi lyfið oxýmetazólin, getur stundum dregið úr verkun Livostin nefúða.

Meðganga og brjóstagjöf

Þungaðar konur og konur með barn á brjósti mega nota Livostin nefúða.

Akstur og notkun véla

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og

aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Ráðlagt er að gæta varúðar ef vart verður við þreytu.

Livostin nefúði inniheldur própýlenglýkól, bensalkónklóríð og pólýsorbat 80

Lyfið inniheldur u.þ.b. 5 mg af própýlenglýkóli í hverjum úða sem jafngildir 50 mg/ml.

Livostin nefúði inniheldur u.þ.b. 15 míkrógrömm af bensalkónklóríði í hverjum úða sem jafngildir 0,15 mg/ml. Bensalkónklóríð getur valdið ertingu og bólgu í nefi, sérstaklega ef notkun stendur yfir í langan tíma.

Lyfið inniheldur pólýsorbat 80. Pólýsorböt geta valdið ofnæmisviðbrögðum.

3. Hvernig nota á Livostin nefúða

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækningarnir hefur mælt fyrir um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Venjulegur skammtur handa fullorðnum og börnum er 2 úðaskammtar í hvora nös 2 sinnum á dag.


Halda skal meðferðinni áfram svo lengi sem ofnæmið veldur óþægindum í nefi.

Lækningarnir getur ávísað lyfinu í öðrum skömmtum. Hafið samband við lækni ef lyfið er ekki farið að verka innan nokkurra daga.

Hjá börnum skal lækningarnir fyrst greina óþægindin til að tryggja að þau tengist ofnæmi.

Notkunarleiðbeiningar

1. Fyrst á að snýta sér.
2. Hristið flöskuna og fjarlægið síðan hlífðarhettuna.
3. Fyrir fyrstu notkun á að úða nokkrum sinnum út í loftið þar til finnst úði fæst.
4. Haldið úðaflöskunni eins og myndin sýnir. Hallið höfðinu lítið eitt fram. Lokið annarri nösinni með fingri og úðið í hina nösina.
5. Úðið 2 sinnum og andið samtímis dálitlu lofti inn í gegnum nösina. Endurtakið þetta við hina nösina.



Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur Livostin valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Mjög algengar aukaverkanir (*koma fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 notendum*): Höfuðverkur.

Algengar aukaverkanir (*koma fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 100 notendum*): Ógleði, þreyta, verkur, skútabólga (bólga í ennis- og kinnholum), sundl, syfja, verkur í koki, blóðnasir og hósti.

Sjaldgæfar aukaverkanir (*koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 100 notendum*): Bjúgur á augnloki, almenn lasleikatilfinning og erting, verkur og þurrkur í slímhúð í nefi, í tengslum við notkun nefúðans. Hjartsláttarónot. Ofnæmisviðbrögð, öndunarerfiðleikar, berkjukrampi, nefstífla og óþægindi í nefi.

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (*koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 1.000 notendum*): Aukinn hjartsláttur, sviðatilfinning og óþægindi í tengslum við notkun nefúðans og bjúgur í slímhúð í nefi.

Tíðni ekki þekkt (*ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum*): Alvarleg ofnæmisviðbrögð (bráðaofnæmi).

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Livostin nefúða

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota Livostin nefúða eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Livostin nefúði inniheldur

- Virka innihaldsefnið er levokabastinhýdróklóríð, samsvarandi 50 míkrogrömm levokabastin/úðaskammt.
- Önnur innihaldsefni eru própýlenglýkól, pólýsorbit 80, natríumtvíhýdrógenfosfat, tvínatríumhýdrógenfosfat, tvínatríumedetat, hýprómellósa, rotvarnarefni (bensalkónklóríð) og hreinsað vatn.

Lýsing á útliti Livostin nefúða og pakkningastærðir

Hvít dreifa.

15 ml plastflaska með úðastút.

Án lyfseðils: 1 plastflaska með 134 skömmtum eða 150 skömmtum.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi

McNeil Sweden AB, Solna, Svíþjóð

Framleiðandi

Janssen Pharmaceutica NV, Beerse, Belgía

Samhliða innflutningur

Heilsa ehf., Bæjarflöt 1, 112 Reykjavík.

Merking: Heilsa ehf., Reykjavík.

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í júní 2026.